

**Nr. 058 / 12 Gulltoppur GK 24*****Skipverji slasast við fall***

*Skipaskr.nr.* 1458  
*Smíðaður:* Seyðisfirði 1976, stál  
*Stærð:* 98,8 brl. 159,9 bt.  
*Mesta lengd:* 26,92 m *Skráð lengd:* 24,96 m  
*Breidd:* 5,9 m *Dýpt:* 5,3 m  
*Vél:* Caterpillar 313 kW, 1975  
*Fjöldi skipverja:* 6



Gulltoppur ©Harþór Hreiðarsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 25. apríl 2012 var Gulltoppur á línuveiðum í Grindavíkurdýpi. Veður: SSV 3-5 m/sek.

Verið var að ganga frá afla í lest og fór einn skipverja upp á karbrún tveggja kara til að losa rennu úr þilfarsstút svo færa mætti hana á milli kara. Þar sem hann stóð uppi á körunum eftir að hafa fest rennuna aftur eftir færsluna kom velta á skipið svo honum skrakaði fótur og féll. Í fallinu greip hann til rennunnar en þá skall brún hennar í andlit hans og hann tannbrotnaði.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.